

Fimmtudaginn 12. október 1989.

Nr. 208/1988. **Lúðvík Gizurarson**

gegn

Bergsteini Gizurarsyni,

Sigurði Gizurarsyni

og Ragnari Halldóri Hall,

setuskiptaráðanda í

Rangárvallasýslu, f.h.

dánarbús Ólafs Bergsteinssonar.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1988. Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu, upp kveðnum 16. janúar 1988. Málið var þingfest í Hæstarétti 3. október 1988 og þá frestað til febrúar 1989. Var þá málinu enn frestað til júní og síðan til október s.á. Við fyrirtöku málsins 2. október óskaði áfrýjandi eftir fresti til ágripsgerðar fram í nóvember.

Af hálfu stefnda setuskiptaráðandans í Rangárvallasýslu var þá synjað um frest. Ekki var sótt þing í málinu 2. október af hálfu annarra stefndu.

Í greinargerð áfrýjanda vegna kröfu um frest kveður hann tilraunir hafa verið gerðar til að leysa málið utan réttar, en það hafi ekki tekist. Þá hafi frestun málsins engan skaðað.

Í greinargerð stefnda, skiptaráðandans í Rangárvallasýslu, kveður hann áfrýjanda hafa fengið dómsgerðir í skiptaréttarmálinu 20. október 1988, og hafi hann ekki nýtt þá löngu fresti, sem hann hafi fengið. Hafi dánarbúið af þessum sökum þurft að reka búskap allan þennan tíma, en skiptaráðanda beri að halda „tilhlýðilega áfram skiptum á búi“.

Hinn 2. október voru liðnir rúmir 14 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu, og hefur áfrýjandi ekki nýtt þann tíma til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti.

Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
